

Ed.

315. Frumvarp til laga

[132. mál]

um breyting á lögum nr. 54 27. apríl 1967, um Jarðeignasjóð.

(Eftir 2. umr. í Ed., 7. febr.)

1. gr.

Aftan við 4. tölulið 1. gr. bætist 5. töluliður, svo hljóðandi:

Jörð, sem eigandi hefur ekki tök á að sitja lengur vegna áhvílandi skulda, enda sé tryggt, að jörðin byggist samkvæmt lögum nr. 102 21. desember 1962, um ættar-
óðul og erfðaábyúð.

2. gr.

4. gr. laganna orðist svo:

Við ákvörðun kaupverðs skv. 1. gr. skal af hálfu kaupanda höfð hliðsjón af gangverði hliðstæðra jarða, sé þess kostur, og fjármunum þeim, sem eigandi hefur lagt í jörðina.

Náist ekki samkomulag um kaupverð, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats á jörðinni, skv. ákvæðum 8. gr.

3. gr.

Við 6. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ábúendur jarða, sem selt hafa Jarðeignasjóði jarðir sínar, skv. 5. tölulið 1. gr., skulu jafnan eiga þess kost að kaupa þær aftur fyrir það verð, er um semst. Náist ekki samkomulag um verð milli Jarðeignasjóðs og kaupanda, er hvorum aðila um sig heimilt að óska mats nefndar þeirrar, sem starfar samkvæmt 8. gr.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.